

Ed.

614. Frumvarp til laga

[253. mál]

um Orkustofnun.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982–83.)

1. gr.

Orkustofnun er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstöku reikningshaldi undir yfirstjórn þess ráðherra sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er að:

1. Vera ráðherra til ráðuneytis um orkumál, m. a. við gerð orkumálaáætlunar.
2. Annast yfirlitsrannsóknir á hverskonar orkulindum á íslensku yfirráðasvæði, eðli þeirra, skilyrðum og leiðum til hagkvæmrar nýtingar og halda í því sambandi skrá um orkulindirnar.
3. Annast virkjunarrannsóknir einstakra virkjunarkosta vatnsafls, jarðhita og annarra orkulinda á forathugunar- og forhönnunarstigi uns virkjunaraðili tekur við undirbúningi.
4. Annast rannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar, orkuþörf hennar og hagkvæmustu leiðum til að fullnægja henni með innlendum orkulindum, innfluttum orkugjöfum og orkusparnaði.
5. Rannsaka og fylgjast með þróun orkumála innanlands og utan, gefa út rit með skýrslum, upplýsingum og almannafræðslu um orkumál og annast skipti á upplýsingum um orkumál við erlenda aðila á því sviði.
6. Vinna að samræmingu í orkurannsóknnum á Íslandi og stuðla að samvinnu allra sem starfa að rannsóknnum og áætlanagerð á sviði orkumála, og málum er þeim tengjast, svo sem umhverfisvernd.
7. Hafa umsjón með orkulindum í eigu ríkisins.
8. Stuðla að rannsóknnum á sviði orkunýtingar og eftir atvikum taka þátt í þeim.
9. Annast gegn greiðslu sérhæfðar rannsóknir á sviði orkumála fyrir íslensk orkufyrirtæki eða aðra aðila eftir því sem tilefni gefst og önnur verkefni leyfa.
10. Annast önnur verk sem ráðherra felur stofnuninni eða samþykkir að hún taki að sér.

3. gr.

Stjórn Orkustofnunar skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Ráðherra orkumála skipar stjórn stofnunarinnar og skipar formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Orkustofnunar til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf. Nefnist hann orkumálastjóri. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í greinum er máli skipta fyrir störf hans. Ráðherra ræður, að fengnum tillögum orkumálastjóra, forstöðumenn aðaldeilda. Orkumálastjóri ræður aðra fasta starfsmenn Orkustofnunar.

Um starfskjör fastráðinna starfsmanna fer samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

5. gr.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar. Þar skal m. a. kveða á um:

1. Verkaskiptingu stjórnar stofnunarinnar og forstjóra.
2. Skiptingu hennar í aðaldeildir.
3. Skyldur fyrirtækja, einstaklinga og stofnana til að láta Orkustofnun í té gögn varðandi orkumál sem hún þarf á að halda til að geta gegnt hlutverki sínu.

6. gr.

Ef ráðist er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlunum á vegum Orkustofnunar, skal slíkur rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði og endurgreiðast ríkissjóði. Endurgreiðslu skal lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hagnýting hefst.

7. gr.

Orkustofnun er undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi I. og X. kafli orkulaga nr. 58/1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til nýrra orkulaga. Sú breyting er gerð frá gildandi orkulögum að flutt eru sérstök lagafrumvörp um Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkusjóð og Jarðboranir ríkisins, í stað þess að fella þau öll í eitt frumvarp. Með því móti er á skipulegri hátt en nú er greint á milli lagaákvæða um yfirstjórn og almenna skipan orkumála annarsvegar og einstök fyrirtæki og stofnanir hinsvegar.

Með frumvarpinu er verksvið Orkustofnunar skýrar en nú er afmarkað við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ýmis starfsemi sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk hennar, verði fengin öðrum aðilum í hendur. Hinsvegar er Orkustofnun fengið nýtt og mikilvægt hlutverk sem er að vera ráðherra til ráðuneytis við gerð orkumálaáætlunar.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru þessar:

- a) Breytt er áherslum í skilgreiningu á hlutverki stofnunarinnar og það afmarkað við orkumál.
- b) Skilgreind er verkaskipting í virkjunarrannsóknum milli Orkustofnunar og virkjunaradila.
- c) Yfir Orkustofnun verði sett stjórn þriggja manna skipuð af ráðherra orkumála.
- d) Ekki er gert ráð fyrir að Orkustofnun annast rekstur Jarðborana ríkisins eins og verið hefur.
- e) Orkustofnun er leyst undan því hlutverki að annast hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neysluvatnsleitar.
- f) Tækninefnd Orkustofnunar er lögð niður.
- g) Orkumálasstjóri er skipaður til fimm ára í senn.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er Orkustofnun ætlað að vera sjálfstæð ríkisstofnun er sé ráðherra til ráðuneytis um orkumál og annist orkurannsóknir. Þetta er í meginráttum samhljóða núverandi orkulögum.

Um 2. gr.

Helstu breytingar varðandi hlutverk stofnunarinnar eru þessar:

- 1) Í samræmi við ákvæði í frumvarpi til orkulaga um orkumálaáætlun er Orkustofnun ætlað að vera ráðherra til ráðuneytis við gerð hennar. Er þess vænst að hafa megi mikil not af rannsóknnum stofnunarinnar við gerð þeirrar áætlunar, ekki síst á sviði orkubúskapar. Þess er og vænst að mikið af undirbúningsvinnu að orkumálaáætlun verði unnið á stofnuninni og að Orkustofnun geti við þennan undirbúning verið tengiliður ráðherra og hinna fjölmörgu sem starfa að orkumálum hér á landi.
- 2) Lögð er meiri áhersla en í gildandi lögum á hverskonar rannsóknir á sviði orkubúskapar, á rannsóknir á öðrum orkulindum en vatnsorku og jarðhita, á almannafræðslu um orkumál og skipti við erlenda aðila á því sviði og samræmingu og samvinnu í orkurannsóknum og orkuáætlunum hér á landi.
- 3) Kveðið er skýrar á en í gildandi lögum um verkaskiptingu milli Orkustofnunar og virkjunaraðila í virkjanarannsóknum og stefnt að því að lögfesta þá verkaskiptingu á þessu sviði sem þróast hefur í reynd. Orkustofnun er fyrst og fremst ætlað að starfa með langtímasjónarmið í huga, annast svonefndar forathuganir á sviði vatnsorku, jarðhita og annarra orkulinda og velja álitlegustu virkjunarkosti til frekari rannsókna. Með forathugun og forhönnun er hér átt við þá áfangaskiptingu virkjunarrannsókna sem skilgreind hefur verið á undanförunum árum á sviði vatnsaflsvirkjana og jarðhitarannsókna (Sjá m. a. ítarlega skilgreiningu í skýrslu Orkustofnunar OS82075/VOD12, Undirbúningur vatnsaflsvirkjana, markmið og framkvæmd eftir Jón Ingimarsson, Birgi Jónsson, Davíð Egilsson og Freysteinn Sigurðsson, grein í Fréttabréfi Verkfræðinga 4. árg. 11. tbl. 14. sept. 1979 um áfangaskiptingu áætlana um virkjun háhita eftir Sveinbjörn Björnsson og erindi á Orkuþingi 1981 um skipulag jarðhitarannsókna eftir Valgarð Stefánsson). Gert er ráð fyrir að Orkustofnun annist rannsóknir á forathugunarstigi og hún eigi að jafnaði einnig frumkvæði að forhönnunarrannsóknum og forhönnun virkjunarhugmynda, nema virkjunaraðili sé þegar skilgreindur og kjósi að taka frumkvæði fyrr í sínar hendur. Í því tilviki mundi Orkustofnun vinna að rannsóknum eftir beiðni virkjunaraðilans gegn greiðslu, sbr. 9. lið 2. gr. Forhönnun virkjunarhugmyndar ásamt rannsóknarskýrslum og öðrum gögnum yrði sá grundvöllur sem virkjunaraðilar geta byggt á val einstakra kosta til ítarlegri rannsóknar og hönnunar sem þeir sjálfir bera kostnað af.
- 4) Orkustofnun er lögð sú skylda á herðar að annast framhaldsrannsókn virkjanakosta fyrir íslensk orkufyrirtæki gegn greiðslu eftir því sem tilefni gefst og önnur verkefni leyfa. Niðurstöður þessara rannsókna yrðu m. a. nýttar við verkhönnun, gerð útboðsgagna, byggingu virkjunar og til ráðgjafar um rekstur hennar. Þetta er í samræmi við það sem tíðkast hefur, þótt stofnunin hafi ekki haft lagaskyldu til þess nema að takmörkuðu leyti. Þykir eðlilegt að kveða skýrar á um skyldur hennar í þessu efni.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að Orkustofnun lúti stjórn þriggja manna sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Með tilliti til umfangs og starfs stofnunarinnar þykir rétt að sérstök stjórn verði sett yfir Orkustofnun.

Um 4. gr.

Nýmæli er að ráðherra skipar forstjóra Orkustofnunar, orkumálastjóra, til fimm ára í senn. Er þetta í samræmi við markaða stefnu um endurnýjun í æðstu stöður framkvæmda-
valdsins.

Um 5. gr.

Enda þótt gildandi orkulög geri ráð fyrir reglugerð um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar, hefur hún ekki verið sett. Á undanförunum árum hefur verið unnið að endurbótum á innra skipulagi og stjórnsýslu á Orkustofnun til að auðvelda henni að gegna hlutverki sínu. Meðfylgjandi skipurit sýnir stjórnskipulag og þá skiptingu starfseminnar í deildir sem stuðst er við nú. Lagt er til að með reglugerð megi festa í sessi þær skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið.

Um 6. gr.

Þetta ákvæði er í gildandi orkulögum (73. gr.) en þar er gert ráð fyrir að endurgreiðsla renni í Orkusjóð. Fjárveitingar til rannsókna Orkustofnunar koma að mestu beint úr ríkissjóði á fjárlögum og því er eðlilegt að endurgreiðslur renni beint þangað.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá núgildandi ákvæðum.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Stjórnskipulag Orkustofnunar. Skipurit.

